



Til aðildarfélaga KSÍ

Reykjavík, 8. apríl 2019

Efni: Óúttekin leikbönn í byrjun Íslandsmóts og Meistarakeppni KSÍ 2019

KSÍ hefur tekið saman lista til upplýsinga fyrir félögin um þá leikmenn í meistaraflokki sem eiga eftir að taka út leikbönn vegna leikja fyrir keppnistímabilið **2018**. Sérstök athygli er vakin á því að gefnir eru út tveir listar, annars vegar fyrir Íslandsmót og Meistarakeppni KSÍ og hins vegar fyrir bikarkeppni KSÍ. Er það skv. reglugerðarbreytingu frá mars 2015 um að áminningar og brottvísanir skulu meðhöndlaðar sérstaklega í Íslandsmóti annars vegar og bikarkeppni KSÍ hins vegar. Samskonar listi, vegna bikarkeppni KSÍ, hefur þegar verið sendur í tölvupósti á félögin. Á listunum eru leikmenn skráðir í þau félög sem þeir fengu leikbann með. Frá þeim tíma kunna þessir leikmenn að hafa skipt um félag og er því mjög mikilvægt að öll félög kynni sér listann bæði hvað varðar stöðu leikmanna frá 2018 og einnig stöðu leikmanna sem gengið hafa til liðs við félagið. Listarnir gefa **ekki** upplýsingar um óúttekin leikbönn í öðrum flokkum.

Í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál segir meðal annars:

13.2. Viðurlög aga- og úrskurðarnefndar í agamálum skal afplána í leikjum í Íslandsmóti og meistarakeppni KSÍ annars vegar og hins vegar í bikarkeppni KSÍ nema annað sé tekið fram.

13.3. Agabrot framið á einu keppnistímabili hefur ekki ítrekunaráhrif á því næsta. Ef leikmaður á eftir að taka út agaviðurlög þegar keppnistímabili lýkur, skal það gert í byrjun næsta keppnistímabils viðkomandi leikmanns. Ofangreint nær aðeins til agaviðurlaga vegna brottreksturs en ekki vegna áminninga. Flytjist leikmaður á milli aldursflokka um áramót, skal hann taka út viðurlögin í nýjum aldursflokki.

Listarnir eru birtir með eftirfarandi fyrirvara:

Allir úrskurðir aga- og úrskurðarnefndar 2018 um leikbönn voru tilkynntir félögunum með tölvupósti. Ef leikmaður hefur ekki tekið út leikbann sitt 2018 vegna brottvísunar flyst leikbannið í fyrsta eða fyrstu leiki í Íslandsmóts, bikarkeppni eða Meistarakeppni KSÍ í viðkomandi flokki (nema leikmaðurinn fari upp um aldursflokk og flyst þá leikbannið með honum þangað). Þessi listi er því hvorki tilkynning um leikbann né leysir hann leikmann undan leikbanni. Listarnir er aðeins til upplýsinga og áminning til félaganna um að skoða úrskurði aga- og úrskurðarnefndar frá síðasta ári sem sendir voru sendir með tölvupósti og athuga hvort leikmenn eigi eftir að taka út leikbönn.

Ef aðildarfélög finna villu í listunum eða eru í vafa um leikbönn, er þau vinsamlega beðin um að hafa samband við Þorvald Ingimundarson eða Hauk Hinriksson á skrifstofu KSÍ, í síma 510 2903/510 2912 eða í tölvupósti: thorvaldur@ksi.is, haukur@ksi.is.

*Með kveðju,
f. h. KSÍ,*

Þorvaldur Ingimundarson

Hjálagt: Áðurnefndur listi

Íslandsmót og Meistarakeppni KSÍ

FYRIRVARI: LISTI ÞESSI ER HVORKI TILKYNNING UM LEIKBANN NÉ LEYSIR HANN LEIKMANN UNÐAN LEIKBANNI HELDUR BER AÐ FARA EFTIR TÖLVUPÓSTI FRÁ AGA- OG ÚRSKURÐARNEFND FRÁ 2018.

LEIKMENN OG ÞJÁLFAVARAR Í MEISTARAFLOKKI SEM VORU ÚRSKURÐAÐIR Í LEIKBANN 2018 OG EIGA ÚTISTANDANDI REFSINGU.

LEIKMENN ERU SKRÁÐIR Í ÞAÐ FÉLAG SEM ÞEIR UNNU TIL REFSINGAR MEÐ EN GETA VERIÐ HLU TGENGIR MEÐ ÖÐRU FÉLAGI NÚ Í UPPHAFI MÓTS OG BER ÞEIM AÐ TAKA ÚT REFSINGU MEÐ ÞVÍ FÉLAGI.

Unnið úr gögnum aga- og úrskurðarnefndar KSÍ frá 2018 og leikjaskrá KSÍ frá 2018.

2 leikir

Nafn	Félag 2018
Amarildo Siveja	Afríka
Vilson Siveja	Afríka
Guðmundur Karl Guðmundsson	Fjölnir
Árni Arnarson	HK
Birgir Örn Birgisson	Hvíti Riddarinn
Ian David Jeffs, þjálfari	
Jeffrey Ofori	Leiknir F.

1 leikur

Nafn	Félag 2018
Hlynur Hauksson	Augnablik
Jökull Ingi Elísarbetarson, þjálfari	
Þórir Karlsson, þjálfari	
Ingþór Björgvinsson	Hamar
Elton Renato Livramento Barros	Haukar
Tori Jeanne Ornela	ÍA
Klara Ívarsdóttir	ÍR
Máni Þór Valsson	ÍH
Aksentije Milisic	KF
Bjartur Ari Hansson	Kóngarnir
Ólafur Hrannar Kristjánsson	Leiknir R.
Halldór Hrannar Halldórsson	Léttir
Julio C. Fernandez De La Rosa	Snæfell
Hammed Obafemi Lawal	Vestri
Pétur Bjarnason	Vestri
Zoran Plazonic	Vestri
Sigvaldi Þór Einarsson	Völsungur

**LEIKMENN SEM FLYTJAST UPP Í MEISTARAFLOKK OG EIGA ÚTISTANDANDI REFSINGU VEGNA AGABROTA Í 2. FLOKKI 2018
LEIKBÖNN ÞESSI VERÐUR AÐ TAKA ÚT Í MEISTARAFLOKKI**

1 leikur

Nafn	Félag 2018
Patrekur Hafliði Búason	KA

Þessi listi er hvorki tilkynning um leikbann né leysir hann leikmann undan leikbanni. Listinn er aðeins til upplýsinga og áminning til félaganna um að skoða úrskurði Aga- og úrskurðarnefndar frá síðasta ári sem sendir voru sendir með tölvupósti og athuga hvort leikmenn eigi eftir að taka út leikbönn.